



Til bæjarráðs

Kópavogi, 30. apríl 2024
23092222/003.04

Efni: Greinargerð sviðsstjóra stjórnsýslusviðs um stjórnsýslulegt ferli við niðurlagningu Héraðsskjalasafns Kópavogs.

Bæjarfulltrúi Helga Jónsdóttir lagði fram eftirfarandi bókun á fundi bæjarráðs þann 11. apríl 2024:

„Undirrituð hefur óskað eftir greinargerð sviðsstjóra stjórnsýslusviðs um ferlið í stjórnsýslu þessa máls frá því að meirihlutinn tók ákvörðun um að leggja héraðsskjalasafnið niður 25. apríl 2023. Beinist beiðnin m.a. að gildi samþykktu fyrir Héraðsskjalasafnið og hvenær störfum safnsins telst lokið, réttarstöðu starfsmanna safnsins og stöðu þeirra, safnkostinum og ráðstöfun hans sem og samskiptum við samstarfsaðila eins og Sögufélagið. Nauðsynlegt er að slík greinargerð liggi fyrir áður en undirrituð getur tekið afstöðu til málsmeðferðar.“

Ákvörðun bæjarstjórnar, aðdragandi og eftirfylgni.

Upphaf þess að það kom til skoðunar að leggja niður starfsemi Héraðsskjalasafns Kópavogs má rekja til heildar endurskoðunar á starfsemi menningarhúsa Kópavogs og tillögu bæjarstjóra að nýjum sóknarfærum í starfsemi menningarhúsanna, dags. 27. mars 2023.

Á fundi bæjarstjórnar þann 25. apríl 2023 var samþykkt að leggja niður Héraðsskjalasafn Kópavogs og fara í samvinnu við Þjóðskjalasafn Íslands um að taka við safnkostinum og skjölum Kópavogsbæjar yrði eftirleiðis skilað til Þjóðskjalasafns Íslands. Í samræmi við 49. gr. bæjarmálasamþykkar Kópavogs er það hlutverk bæjarstjóra að koma ákvörðunum bæjarstjórnar og annarra nefnda til framkvæmda.

Bæjarstjóri fól sviðsstjóra stjórnsýslusviðs að framfylgja ákvörðun bæjarstjórnar. Sviðsstjóri stjórnsýslusviðs tilkynnti Þjóðskjalasafni Íslands um ákvörðunina með tölvupósti til Þjóðskjalavarðar þann 27. apríl 2023, sem fylgt var eftir með fundi með Þjóðskjalaverði og aðstoðarþjóðskjalaverði. Á þeim fundi og í samskiptum sem fylgdu í kjölfarið var fallist á þá beiðni Þjóðskjalasafns Íslands að Kópavogsbær myndi hinkra eftir því að viðræður



Þjóðskjalasafns Íslands og Borgarskjalasafns um aðgerðaráætlun um flutning verkefna og skjala lyki. Sú aðgerðaráætlun yrði svo yfirfærð yfir á Héraðskjalasafn Kópavogs.

Fyrstu drög að aðgerðaráætlun bárust 21. september 2023. Þann 28. nóvember 2023 óskaði Þjóðskjalasafn Íslands eftir afstöðu Kópavogsbæjar til aðgerðaráætlunarinnar. Undirritaður óskaði þá eftir því að skjalastjóri Kópavogsbæjar og héraðsskjalavörður rýndu áætlunina. Héraðsskjalavörður skilaði umsögn dags. 9. janúar 2024. Skjalavörður Kópavogsbæjar hafði ekki athugasemdir við áætlunina. Á grundvelli umsagnar héraðsskjalavörðs hefur verið lagt til við bæjarstjórn Kópavogs að fallið verði frá þeirri ákvörðun að halda myndum og einkaskjalasöfnum eftir og varðveita áfram í Kópavogi. Tillaga og rökstuðningur með henni var lögð fyrir bæjarráð 11. apríl sl. og bíður afgreiðslu bæjarstjórnar.

Staða Héraðsskjalasafns Kópavogs

Á sveitarfélögum hvílir ekki skylda til að reka héraðsskjalasafn en þeim er það heimilt. Skjalasöfnin lúta faglegu eftirliti Þjóðskjalasafns Íslands og starfa eftir lögum nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn. Um héraðskjalasöfn er sérstaklega fjallað í 9. – 12. gr. laganna

Hlutverk héraðskjalasafna er m.a. að annast söfnun, innheimtu og varðveislu skjala, skrásetja þau og gera aðgengileg notendum innan síns umdæmis.

Héraðsskjalasöfn eru rekin með leyfi Þjóðskjalasafns. Í 10. gr. laganna er fjallað um heimild til reksturs héraðskjalasafns og afturköllun rekstrarleyfis. Þar kemur fram að einungis sveitarstjórnir og byggðasamlögum sem hafa fengið leyfi til reksturs héraðsskjalasafns sé heimilt að reka slíkt safn. Undir ákveðnum kringumstæðum geti Þjóðskjalasafn Íslands afturkallað rekstrarleyfi héraðsskjalasafns og látið flytja safngögnin úr því í Þjóðskjalasafn Ísland á kostnað sveitarfélagsins. Í lögnum er ekki ákvæði um innlögn sveitarstjórnar á rekstrarleyfinu. Í 3. mgr. 11. gr. er mælt fyrir um skyldu ráðherra til þess að setja nánari ákvæði um leyfi til reksturs héraðsskjalasafns í reglugerð en slík reglugerð hefur ekki verið sett. Enn er í gildi reglugerð nr. 283/1994 um héraðsskjalasöfn sem sett var í tíð eldri laga nr. 66/1985 um Þjóðskjalasafn Íslands. Í reglugerðinni er ekki að finna ákvæði um ákvarðanir sveitarstjórna að hætta rekstri héraðsskjalasafna.

Héraðsskjalasafn Kópavogs var sett á laggirnar árið 2000. Stofnskrá þess var endurnýjuð og breytt af bæjarstjórn Kópavogs þann 28. nóvember 2006, staðfest af þjóðskjalaverði þann 6. desember 2007.

Stofnskrá Héraðsskjalasafns Kópavogs var ekki uppfærð þegar Lista- og menningarráð tók við hlutverki stjórnar héraðsskjalasafnsins. Stjórnin var lögð niður með bæjarmálasamþykkt Kópavogsbæjar árið 2014 og hlutverk stjórnar Héraðsskjalasafns Kópavogs færðist til Lista- og menningarráðs.

Í erindisbréfi Lista- og menningarráðs segir í 13. gr. að ráðið hlutist ekki um daglegan rekstur og starfsemi þeirra stofnana sem heyra undir lögformlegt ábyrgðar- og eftirlitssvið þess. Þá hafi ráðið ekki boðvald yfir starfsfólki. Rekstur stofnana, starfsmannamál og gerð fjárhagsáætlunar eru á ábyrgð forstöðumanna stofnana og forstöðumanns menningarmála Kópavogs.



Þar sem ákvörðun um rekstur Héraðsskjalasafns Kópavogs var tekin af bæjarstjórn með stofnsamþykkt með leyfi Þjóðskjalavarðar, þá verður ákvörðun um að hætta rekstri Héraðsskjalasafns Kópavogs tekin með sama hætti af bæjarstjórn um að fella úr gildi gildandi samþykkt um Héraðsskjalasafn Kópavogsbæjar. Þegar ákvörðun er tekin um að leggja safn niður þar að tilkynna Þjóðskjalasafni Íslands um þá ákvörðun. Það gerði sviðsstjóri stjórnsýslusviðs og hófust viðræður við Þjóðskjalasafn Íslands um viðtöku safnskost Héraðsskjalasafns Kópavogs í maí 2023. Ekki er hægt að leggja safnið niður formlega fyrr en að flutningi loknum. Þangað til verður safnið opið en öll starfsemi í lágmarki, aðeins þeim skyldum sem ekki verður komist undan að sinna vegna fyrirmæla í lögum verður sinnt. Aðalverkefni starfsfólk er að skrá og ganga frá fyrirbyggjandi safnskosti og gera hann tiltækan til afhendingar.

Staða starfsfólks Héraðsskjalasafns Kópavogs.

Mikilvægt er, til þess að ekki verði þjónusturof við notendur safnskots og afhendingarskyldra aðila Kópavogsbæjar, að starfsfólk Héraðsskjalasafns Kópavogs geti fylgt verkefnum yfir til Þjóðskjalasafns Íslands eins og hægt er. Unnið er að því að kanna og meta hvort og hvernig þeim málum verði fyrir komið.

Í apríl 2024 eru þrír starfsmenn á Héraðsskjalasafni Kópavogs, héraðsskjalavörður, skjalavörður og ræstitæknir. Um réttindi og skyldur þeirra fer fyrst og fremst samkvæmt kjarasamningum. Ekki hefur enn verið farið í verulegar breytingar á störfum né uppsagnir vegna ákvörðunar bæjarstjórnar um niðurlagningu Héraðsskjalasafns Kópavogs.

Samkvæmt 50. gr. samþykktar um stjórn Kópavogsbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar ræður bæjarstjórn í æðstu stjórnunarstöðu hjá bæjarfélaginu, svo sem yfirmenn sviða og forstöðumenn stofnana og fyrirtækja bæjarfélagsins og veitir þeim lausn frá starfi. Bæjarstjórn Kópavogs tók ákvörðun um ráðningu héraðsskjalavarðar 29. desember 2005 og hann hóf störf 1. janúar 2006. Liggur þannig fyrir að það er bæjarstjórn sem tekur ákvörðun um starfslok héraðsskjalavarðar. Ákvörðun um starfslok annars starfsfólks er í höndum bæjarstjóra, sbr. 51. gr. bæjarmálasamþykktar, og samkvæmt venju þar um fer næsti yfirmaður með það verkefni. Í ljósi þess að verið er að vinna að lokun safnsins og niðurlagningu starfs héraðsskjalavarðar er eðlilegt að það sé þar næsti yfirmaður sem sjái um starfslok starfsfólks.

Samkvæmt ákvæðum kjarasamninga skal uppsögn vera skrifleg og miðast við mánaðamót. Þá er óheimilt að segja starfsmanni upp án málefnalegra ástæðna. Umboðsmaður Alþingis og dómstólar hafa komist að þeirri niðurstöðu að skipulagsbreytingar geti verið málefnaleg ástæða uppsagnar starfsmanns, sjá t.a.m. álit umboðsmanns Alþingis frá 5. mars 2004 (3853/2003) og dóm Héraðsdóms Reykjavíkur frá 25. október 2006 (E-3907/2007). Ekki er gert ráð fyrir að veita beri andmælarétt þegar uppsögn á rætur að rekja til skipulagsbreytinga.

Nú hefur verið lögð fram tillaga til bæjarráðs og bæjarstjórnar að bæjarstjórn taki ákvörðun um að starf héraðsskjalavarðar verði lagt niður og ráðningarsamningi við hann sagt upp. Þá er einnig gert ráð fyrir að starf skjalavarðar verði lagt niður og ráðningarsamningi við hann sagt upp. Í framhaldinu verði báðum starfsmönnum boðið tímabundið starf skjalavarða við flutning gagna til Þjóðskjalasafns Íslands með möguleika á framhaldi, en fer framhaldið eftir



verkefnastöðu og framgangi flutninganna. Starfsmenn halda óbreyttum kjörum í jafn langan tíma og uppsagnarfrestur þeirra er, og í tilvikum starfsmannanna tveggja eru það þrír mánuðir.

Safnkostur og ráðstöfun.

Lög um opinber skjalasöfn mæla fyrir um að safngögn flytjist úr Héraðsskjalasafni Kópavogs til Þjóðskjalasafns Íslands þegar Þjóðskjalasafnið afturkallar rekstrarleyfi skv. 2. mgr. 10. gr. laganna, en þegar afhendingarskyldur aðili hættir starfsemi eða starfsemi er lögð niður er mælt fyrir um það í 5. mgr. 15. gr. að skjölin skulu færð til opinbers skjalasafns við lok starfseminnar. Ef við eigi skuli hið opinbera skjalasafn sem taki við skjölunum úrskurða um það hvaða skjöl skuli afhent þeim aðila sem tekur við verkefnum viðkomandi aðila. Litið er svo á að engu öðru opinberu skjalasafni en Þjóðskjalasafni Íslands sé til að dreifa sem gæti tekið að sér móttöku safnkosts Héraðsskjalasafns Kópavogs. Unnið er að áætlun um flutning gagna í samráði við þjóðskjalavörð og héraðskjalavörð. Eftir mat aðstoðarþjóðskjalavardar á pappírssafnkosti Héraðsskjalasafns Kópavogs telur hann ljóst að nokkur vinna sé framundan við að koma safnkostinum í það horf að Þjóðskjalasafn Íslands geti tekið við honum. Í gildandi áætlun er gert ráð fyrir að allur safnkostur Héraðsskjalasafns Kópavogs hafi verið fluttur yfir á Þjóðskjalasafn Íslands þann 1. desember 2025, þar sem áætlað er að það taki um tvö ár fyrir tvo starfsmenn í fullu starfi að gera safnkostinn hæfan til afhendingar.

Héraðsskjalasafn Kópavogs er einnig með í sinni vörslu töluvert safn bóka og þar má líka finna ýmsa muni og innrammaðar ljósmyndir. Þjóðskjalasafn Íslands mun ekki veita þessum hlutum móttöku nema í vissum undantekningar tilvikum þegar um er að ræða handbækur sem ekki eru þegar til á Þjóðskjalasafninu. Samhliða flutningi safnkostsins verður að finna þeim menningarlegu verðmætum sem á Héraðsskjalasafni Kópavogs eru annan stað. Hvað bókakost Héraðsskjalasafns Kópavogs varðar verður haft samráð við forstöðumann Bókasafns Kópavogs um ráðstöfun hans.

Samskipti við samstarfsaðila.

Í undirbúningi ákvörðunar um niðurlagningu á rekstri Héraðsskjalasafns Kópavogs voru hafðar til hliðsjónar upplýsingar starfsfólks Héraðsskjalasafnsins um nýtingu almennings á þjónustu safnsins.

Sögufélag Kópavogs eru félagasamtök sem hafa þann tilgang að stuðla að söfnun og varðveislu sögulegra og menningarlegra minja í Kópavogi og nágrenni. Samstarf hefur verið á milli starfsfólks Héraðsskjalasafns Kópavogs og Sögufélags Kópavogs. Sögufélagið hefur t.a.m. aðstoðað við að bera kennsl á myndir sem eru að finna á safninu og stuðlað að því að einkaskjalasöfnum hefur verið skilað til vörslu Héraðsskjalasafns Kópavogs. Ljóst er að flutningur safnskotsins mun hafa í för með sér breytingu á þessu samstarfi. Forstöðumanni menningarmála í Kópavogi var falið að ræða við forsvarsfólks Sögufélagsins fundaði hún með um miðjan apríl s.l. Til stendur að bjóða fulltrúum Sögufélags Kópavogs til fundar með bæjarstjóra í maí mánuði til að ræða áframhaldandi samstarf félagsins og Kópavogsbæjar.



Í áætlun er gert ráð fyrir að starfsfólk Kópavogsbæjar sem nýti þjónustu Héraðsskjalasafns Kópavogs sæki námskeið og fræðslu frá sérfræðingum Þjóðskjalasafns Íslands um tilfærslu verkefna og safnkosts til Þjóðskjalasafnsins. Einnig að útbúið verði sérstakt fræðsluefni á vef fyrir almenning sem notendur safnkosts Héraðsskjalasafns Kópavogs, með upplýsingum um hvenær safnkosturinn færist yfir til Þjóðskjalasafns Íslands, hvernig verði með leit í skjölum, aðgang og þjónustu.

Kostnaðarútreikningur.

Áætlaður kostnaður af flutningi safnkostsins liggur ekki fyrir en upplýsingar um umfang hafa ekki verið eins og best verður á kosið, þar sem einungis er búið að skrá um þriðjung þeirra skjala sem afhent hafa verið Héraðsskjalasafni Kópavogs en unnið er að skráningu og pökkun. Það er gert ráð fyrir því að safnkosturinn, að einkasöfnum meðtöldum, geti verið um 2000 hillumetrar.

Um þjónustu Þjóðskjalasafns Íslands gildir gjaldskrá nr. 1360/2021 sem var staðfest af ráðherra þann 27. nóvember 2021 og tók gildi þann 1. desember 2021. Í 4. gr. gjaldskrárinnar kemur fram að tímagjald starfsmanns sé 8.100 kr. og umbúðir kosti 8.800 kr. á hillumetra vegna móttöku, frágangs og flutnings skjalasafna afhendingarskylds aðila sem hafi hætt starfsemi eða verður lagður niður. Upplýst er að hluti safnkosts Héraðsskjalasafns Kópavogs er í umbúðum sem ekki uppfylla kröfu um langtímavarðveislu. Árleg gjald fyrir varðveislu pappírsskjala er 6.000 kr. á hillumetra. Að því gefnu að starfsmaður Þjóðskjalasafns Íslands nýti 6.000 klukkustundir í móttöku 2.000 hillumetra má gera ráð fyrir að kostnaður geti numið allt að 29.600.000 kr. vegna móttökunnar og 1 milljón króna á mánuði fyrir vörslu gagnanna. Þá er eftir að gera ráð fyrir kostnaði vegna eiginlegs flutnings um 200 vörubretta frá Héraðsskjalasafni Kópavogs til Þjóðskjalasafns Íslands en sá flutningur mun fara fram í áföngum.

Pálmi Þór Mátsson
sviðsstjóri stjórnsýslusviðs

